



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. febrúar 2020
Tilvísun: 202002-0028

Efni: Umsögn tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningaskrár, 110. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningaskrár, 110. mál.

Í tillögunni er lagt til að álagningaskrár skattayfirvalda um álagða skatta verði gerðar aðgengilegar með rafrænum hætti í stað framlagningar á pappír hjá skattstjóra líkt og verið hefur. Alþýðusambandið telur að einstaklingar og fjölmiðlar skuli hafa hindrunarlausan aðgang að upplýsingum úr álagningaskrá. Slíkur aðgangur eykur gagnsæi, trúverðugleika og möguleika á eftirliti og aðhaldi. ASÍ tekur því undir þau sjónarmið sem að baki tillögunni liggja.

Í ályktun miðstjórnar ASÍ um gagnsæi gegn misskiptingu frá 28. ágúst 2019 segir m.a.:

Það er afar brýnt að allir landsmenn greiði skatta og gjöld til samfélagsins óháð uppruna tekna, svo sem arðgreiðslur úr fyrirtækjum eða fjármagnstekjur. Upplýsingar um slíkt þurfa að vera aðgengilegar og gagnsæjar. Miðstjórn ASÍ hvetur Alþingi jafnframt til að samþykkja að birta álagningarskrár með rafrænum hætti, þar sem birtir eru allir álagðir skattar, þannig að aðgengi að þessum samfélagslega mikilvægu upplýsingum sé tryggt.

Í þessu samhengi má einnig benda á að nú er yfirstandandi heildarendurskoðun laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem m.a. er til skoðunar stefna varðandi launaleynd og áhrif þess á launamun. Birting staðgreiðsluskrár með rafrænum aðgengilegum hætti væri einn liður í að draga úr launaleynd og stuðla að launajafnrétti.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2020
Tilvísun: 2020020945/BFR

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningarskrár

Persónuvernd vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 11. febrúar 2020 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningarskrár (pskj. 110, 110. mál á 150. löggjafarþingi).

Lagt er til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að hlutast til um rafræna birtingu árlegrar álagningarskrár um alla álagða skatta sem komi í stað núverandi skrár og verði aðgengileg allt árið uns ný skrá er birt og að ráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp þessa efnis á vörþingi 2020.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur meðal annars fram að sú skipan sem lögð er til muni, að mati flutningsmanna, samrýmast betur 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt heldur en núverandi framkvæmd geri en ákvæðið segir að skattskrá skuli vera til sýnis „á hentugum stað“ í tvær vikur eftir að álagningu er lokið. Skattskil séu nú öll orðin rafræn þannig að eðlilegt hljóti að teljast að birta álagningarskrá með þeim hætti, enda langtum hentugra fyrir bæði skattyfirvöld og notendur álagningarskrárinnar að hafa þennan hátt á með tilliti til þeirrar tækni sem nú sé almennt beitt. Séu skattgreiðslur ekki einkamál greiðanda, heldur lögbundin samfélagsleg skylda. Af þeim sökum sé rétt að líta á upplýsingar um álagða skatta sem opinber gögn, og sé sú raunin hvarvetna á Norðurlöndum nema í Danmörku þar sem ekki sé veitt vitneskja um álagða skatta á einstaklinga. Sé birting álagningarskrár mikilvægur hluti upplýsingagjafar um samfélagsmálefni sem varði almenning miklu og auki í senn umræðu um skattamál og veiti aðhald í þeim efnunum.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í framkvæmd sinni hefur Persónuvernd bent á að í heimild til birtingar og útgáfu skattskráa, sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, felist undantekning frá þeirri grunnreglu 117. gr. laganna að á skattyfirvöldum hvíli þagnarskylda um tekjur og efnahag skattaðila. Auk þess felist í heimildinni takmörkun á réttinum til friðhelgi einkalífs.¹

¹ Sjá t.d. ákvæðun Persónuverndar frá 28. nóvember 2018 í máli nr. 2018/1507 og álit Persónuverndar frá 20. júní 2019 í máli nr. 2019/1018.



Þá hefur Persónuvernd bent á að álagningarskrár hafa ekki að geyma endanlegar upplýsingar um skatta og gjöld sem lögð eru á einstaklinga og því sé áreiðanleiki upplýsinganna takmarkaður, sbr. meginreglu 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem kveður á um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.²


Jafnframt bendir Persónuvernd á að í framkvæmd sinni hefur stofnunin álitð að heimild annarra en skattýfirvalda til birtingar og útgáfu upplýsinga úr álagningarskrá nái ekki til þeirrar háttsemi að gera upplýsingarnar aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni.³ Að mati Persónuverndar kunna þær lagabreytingar sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni að leiða til stefnubreytingar í þessu tilliti, eftir atvikum. Bendir Persónuvernd því á að líta þarf til þeirra sjónarmiða sem búa að baki nógildandi fyrirkomulagi, t.d. möguleika skoðenda til að afrita upplýsingarnar án heimildar, og hvort talið sé tilefni til að víkja frá þeim.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum áréttar Persónuvernd því mikilvægi þess að hugað verði að rétti einstaklinga til persónuverndar í tengslum við þær lagabreytingar sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni tillögunnar að svo stöddu en tekið skal fram að Persónuvernd myndi veita nánari efnislega umsögn um ákvæði lagafrumvarps á grundvelli þingsályktunartillögunnar. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

² Sjá t.d. fyrrgreint álit Persónuverndar í máli nr. 2019/1018.

³ Sjá fyrrgreinda ákvörðun Persónuverndar í máli nr. 2018/1507.